

## **FORSÆTISNEFND**

Ár 2016, föstudaginn 13. maí, var haldinn fundur í forsætisnefnd. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð, Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 11.05. Viðstödd voru Sóley Tómasdóttir, Elsa Hrafnhildur Yeoman og Halldór Auðar Svansson. Einnig sátu fundinn Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, Magnús Már Guðmundsson og Halldór Halldórsson, Helga Björk Laxdal og Linda Sif Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

### **Þetta gerðist:**

1. Lögð fram drög að dagskrá fundar borgarstjórnar 17. maí nk.

Forsætisnefnd óskar eftir að eftirtalin mál verði tekin á dagskrá sem sérstakir dagskrárliðir með vísan til samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:

- a) Umræða um skýrslu stýrihóps um styttingu vinnudags, sbr. 17. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. maí
  - b) Umræða um eineltismál
  - c) Umræða um húsnæðismál ungs fólks og lóðaframboð í Reykjavík
  - d) Umræða um leik- og útivistarsvæði í Reykjavík
  - e) Umræða um leiguíbúðir í skammtímaleigu
  - f) Umræða um málefni utangarðsfólks
  - g) Umræða um málefni Hlíða, Holta- og Háaleitishverfi (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina)
  - h) Kosning í umhverfis- og skipulagsráðs
  - i) Kosning í heilbrigðisnefnd
  - j) Kosning í stjórn Strætó bs.
  - k) Kosning í stjórn Faxaflóahafna
2. Lögð fram umsögn forsætisnefndar um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um að heimilt verði að opna fundi og ráð og nefnda og hefja beinar útsendingar frá þeim, sem lögð var fram á fundi borgarstjórnar þann 15. mars sl.  
Samþykkt.
  3. Lagt fram bréf menningar- og ferðamálasviðs, dags. 10. maí 2016, ásamt tillögum að breytingum á samþykkt menningar- og ferðamálasviðs.  
Samþykkt og vísað til borgarráðs.
  4. Fram fer umræða um þjónustu við borgarfulltrúa í Tjarnargötu 12.
  5. Lagt fram yfirlit yfir móttökur Reykjavíkurborgar.  
Samþykkt að óska eftir að móttökustjóri borgarinnar komi á næsta fund nefndarinnar og fari yfir móttökur Reykjavíkurborgar og boðslista.

### **Fundi slitið kl. 12.04**

Sóley Tómasdóttir

Elsa H. Yeoman

Halldór Auðar Svansson